

Ljóðmæli 2

Til ykkar

VEX OG DAFNAR OKKAR ÁST
ELSKAN MÍN ÞÚ EINA
ALLTAF MUN ÉG AÐ ÞÉR DÁST
ALDREI VIL ÞVÍ LEYNA

Ljóðmæli 2

Til ykkar

Ljóð og vísur sem ortar hafa verið til konunnar minnar Gunnhildar og strákana okkar Þorgeirs og Friðgeirs.

Fyrsti þáttur – Til Gunnhildar

Mey I

Vex og dafnar okkar ást
elskan mín þú eina
Alltaf mun ég að þér dást
aldrei vil því leyna

Mey II

Í faðmi þínum ligg og læt mig dreyma
ljósa hár þitt kitlar rjóða vanga,
hlægjum við og ræðum heim og geima
hjarta mitt þú alltaf nærð að fanga.

Um grænan völl mig máttu gæskan teyma
gleði vekur það er blómin anga,
þar sem litlir fuglar framhjá sveima,
finn að með þér sáttur vil ég ganga.

Vatnið

Fögur blá slétta, ég fleytti völusteinum
fegurðin tæra, bærðist lítil gára.

Birtan var skær og bragð af salti tára
barnið þó aldrei, fast í vondum meinum.

Festist þó brátt í flóknum rekaldsgreinum,
fann ég ei botninn, hvöss þá rak mig bára.
Sægrátt varð blávatn, ég sökk til vits og ára
sóttu að skuggar, með blindum haturs veinum.

Sé ég í fjarska, fagurt land og vona
að fái ég náð að komast upp að ströndu,
- lognið það heillar, lífið það er valt.

Þar sé ég skjólið, þar er fögur kona
þar bíður hitinn, fast við sjónarröndu,
-vindur nú blástu, því vatnið það er kalt

Flöskuskeyti

Ein varst þú og einn ég svaf
ein við vorum bæði
einsemdanna ólguhaf
okkur tók í bræði.

Okkur bjó um iðukast
í einangrunarbleyti
rákum eins og úrgangsplast
ein í flöskuskeyti.

Straumur sá oft sterkur var
stríður og í kafi
okkur loks að landi bar
við losnuðum úr hafi.

Í einingu við örkum nú
einsömul á skeri
betri eru örlög sú
en ein í skeytagleri.

Ávallt

Með þér ávallt sækir sýn
ég sekk í ástarvímu.
Vertu ætíð meyjan mín,
í mollu sem og hrímu.

Með þér

Nú hverfur svart við hreina sýn
hárið bjarta þitt.
Því ei kvarta, þú ert mín
þú átt hjarta mitt.

Ekkert fær því aftur breytt
ekki blær á kinn.
Án þín væri ekki neitt
aðeins gæruskinn.

Fegurst

Fegurst meyja finnst mér einstök kona
það er kæra mærin mín
og móðir tveggja sona.

Draumar

Mér fagra drauma færir svefn um óttu
þá flestir heyra orð og virðast skilja.

Einhver sagði víst með sterkum vilja:
- „vitringur nú augnabliksins njóttu.“

Oft mér finnst ég auðskilinn að nóttu
amstur lífsins myrkrið kann að hylja.
Er dagur kemur draumar við mig skilja
-dularfullir magnaðir oft þóttu.

Smiðir drauma smíða vísdomsorð
smekkkfull gerist hálfþóm viskufata.
-Oftast bráðnar málstols mjúka hjarn.

Er dagar, molnar málsins þunna borð
úr munni aðeins heyrast vesælt dada
- Vont er það að vera lítið barn.

Að vera barn

Að vera barn er púl og puð,
pissa, kúka, æla.

Toga í hár og totta snuð,
teyga mjólk og skæla.

Lífsreglur

Ekki klípa, ekki bíta,
ekki lemja,
ekki sparka, ekki spýta,
ekki kremja.

Kvöldvísá

Þegar kvöldar víst ei vil
verma köldu bælin
þó við höldum hátta til
heyrast nöldurvælin